

Um garðaúðun

Í þessari grein er fjallað um hefðbundna úðun gegn ýmsum skordýrum í gróðri í gördum á vorin.

Úðunarefnið

Skordýraeitrið sem notað er við úðun garða heitir permetrin og er það til í nokkrum verslunarheitum (t.d. permasect). Það er lítið eitrað fyrir menn og spendýr en er banvænt fyrir flest skordýr (t.d. fiðrildarlirfur, blaðlús) og áttfætlur (t.d. spunamaur, köngulær). Efnið getur valdið ofnæmi hjá fólki og er hættulegt fiskum. Permetrin er óstöðugt eftir blöndun með vatni og úðun, það brotnar hratt niður í umhverfinu og hverfur á nokkrum dögum.

Úðun getur raskað jafnvægi lífríkisins í garðinum

Permetrin drepur jafnt gagnlegar sem skaðlegar pöddur. Garðeigendur njóta því ekki aðstoðar ránskordýra eins og sveifflugulirfa og sníkjuvespa við að halda lirfum og blaðlúsum í skefjum. Eitrunin er inngríp sem ekki ætti að grípa til nema nauðsyn krefji. Hætt er við að jafnvægið í garðinum raskist og meiri þörf verði á endurteknum úðunum.

Rétt plöntuval og umhirða

Fyrsta vörnin gegn skordýrum er að hafa réttar plöntur í garðinum. Plöntur sem eru þokkalega vel aðlagðar að íslenskum aðstæðum og eru þekktar fyrir að vera ekki viðkvæmar fyrir lirfum og blaðlúsum. Í öðru lagi ætti að búa vel að plöntunum, ath. staðsetningu þeirra í garðinum og skjól, gefa þeim hæfilegan áburð og tryggja nægilegt vatn, og grisja ef þéttleiki er of mikill. Plöntur sem standa hátt í þurrum jarðvegi og næringarsnaudum er venjulega talið hættast við skaða af skordýrum.

Ekki á að úða nema þörf sé á

Oftast er engin þörf á að úða gegn blaðlús í gördum nema á einstaka plöntutegundum og sjaldnast á hverju ári. Fiðrildarlirfur eru þau kvikindi sem oftast er þörf á að úða gegn í gördum enda eiga þær það til í sumum árum að éta allt lauf af lauftrjám eins og birki, sumum víðitegundum og fáeinum lauftrjám öðrum. Slík ósköp eru ekki óþekkt í náttúrunni m.a. þekkjast faraldrar fiðrildarlirfa í íslensku kjarrlendi og skógum og í birkiskógum norðarlega í Skandinavíu. Slíkir faraldrar eru samt sjaldséðir í náttúrunni. Flestar tegundir lauftrjáa eru ávallt laus við slíka óáran og öll barrtré að lerki meðtöldu.

Garðurinn og trjágróðurinn skoðaður

Áður en ákveðið er að úða skal skoða lauf og brum og leita að lirfum og blaðlúsum. Ávallt eru einhver kvikindi í trjágróðri og það er alls ekki ástæða til að úða nema þegar fjöldi þeirra sem getur valdið tjóni er orðinn óhóflegur. Ef aðeins eru fáar fiðrildarlirfur er engin þörf á að úða. Lirfurnar hætta beitinni þegar þær eru fullvaxnar fyrripart sumars og láta sig síga niður í grasið og púpa sig. Plantan vex áfram og engin ummerki eru sjáanleg eftir lirfur þegar liður á sumarið. Aðeins skal úða gegn fiðrildarlirfum ef fjöldi þeirra er það mikill að hætt sé við að þær valdi áberandi tjóni á

gróðrinum. Aðeins skal úða gegn blaðlúsúsum ef fjöldi þeirra er mikill. Oft á tíðum valda blaðlús litlu sjánlegu tjóni en áhrifin koma fyrst og fremst fram í minni vexti trjágróðursins. Ef um runna er að ræða getur oft komið til greina að klippa hann þegar svo er komið því blaðlúsnar leggjast fyrst og fremst á nýsprótnar greinar.

Garðaúðun hefur ekkert forvarnargildi

Sem fyrr segir hefur permetrin mjög skamma eiturvirkni. Því hefur það ekkert að segja að úða garðinn í forvarnarskyni. Úðunin virkar eingöngu gegn þeim skordýrum sem eru komin í trjágróðurinn og eru byrjuð að éta. Egg í greinum og brumum og púpur og skordýr í jarðvegi drepast ekki. Þess vegna er það til einskis að úða of snemma á vorin og peningum kastað á glæ.

Allir mega úða eigin garð

Permetrin er í svokölluðum C-flokki varnarefna til nota við útrýmingu skaðvalda í garðyrkju og landbúnaði og hafa allir heimild til að kaupa og nota slík efni. Blanda skal efnið skv. leiðbeiningum.

Úðun í atvinnuskyni

Til að stunda úðun í atvinnuskyni þarf sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar skv. reglum nr. 238/1994 um garðaúðun. Jafnframt þarf að hafa starfsleyfi frá viðkomandi heilbrigðiseftirliti. Starfsleyfisskilyrði fyrir garðaúðara er á heimasíðunni, www.ust.is/LogOgReglur//Starfsleyfisskilyrði/.

Þegar keypt er þjónusta af aðila sem býður upp á garðaúðun skal athuga eftirfarandi:

1. Viðkomandi skal geta framvísað gildu skirteini frá Umhverfisstofnun og hann skal hafa starfsleyfi frá heilbrigðiseftirlitinu þar sem hann hefur aðsetur.
2. Garðeigandinn ætti að ganga úr skugga um að úðunar sé þörf með því að skoða garð og trjágróður með úðaranum áður en þessi þjónusta er keypt. Ekki skal úða ef þess gerist ekki þörf og þá skal bara úða einstök tré eða runna ef þess þarf.
3. Áður en úðun hefst skulu settir upp varnaðarmiðar. Á þeim skal standa „Varúð-garðaúðun“, verslunarheiti úðunarefnis og virkt efni, takmörkun við umferð um garðinn, dagsetning og tímasetning úðunar, varað við neyslu matjurta og nafn, heimilisfang og sími garðaúðarans.

Til fróðleiks má benda á bókina: Heilbrigði trjágróðurs, eftir Guðmund Halldórsson og Halldór Sverrisson.